# Kennsluáætlun í íslensku 7. bekkur — miðönn 2024—2025

Kennari: Svanborg Eygló Óskarsdóttir

**Markmið:**

- Að efla lestrarfærni, lesskilning og bókmenntagreiningu.
- Að þróa ritfærni nemenda í mismunandi textategundum.
- Að auka orðaforða, málfræðiþekkingu og beitingu hennar í rituðu og töluðu máli.
- Að kynna íslenskar bókmenntir, bæði arfleifð og samtímaverk.

**Lykil hæfniviðmið:**

- Nemendur geta lesið og greint mismunandi tegundir texta með tilliti til innihalds og formgerðar.
- Nemendur geta tjáð sig á skýran og skipulegan hátt í ræðu og rituðu máli.
- Nemendur geta greint helstu einkenni í íslenskri málfræði og beitt henni rétt.
- Nemendur geta nýtt sér bókmenntaleg hugtök til að ræða um texta og tjá skoðanir sínar.

**Námsefni:**

Málið í Mark, vinnubók og vefur, Málrækt 3, Smellur 3 og Orðspor 2 og 3. Ýmis viðbótarverkefni frá kennara aðlöguð að hópnum eða einstaklingum.

**Námsmat:**

- Áætlanir og heimanám: skil  og frágangur 20%
- Kannanir/próf: mat á hversu vel nemandi hefur náð að tileinka sér hæfniviðmið annarinnar: 60%
- Kennaraeinkunn: samskipti í tímum, virkni í umræðum og verkefnavinnu 20%

**Heimanám:**

Heimalestur er alla virka daga þar sem lesa á minnst upphátt í 10 mínútur og foreldri á að kvitta fyrir í heimalestrarhefti. Skil á öðru heimanámi er á mánudögum. Nemendur fá að vita hvað þarf að gera í heimanámi vikuna á undan hvort sem eftir er að ljúka verkefni í vinnubók eða verkefni er afhent af kennara. Upplýsingar þar um eru líka sendar í vikulega tölvupóstinum til foreldra.

# Kennsluáætlun í íslensku 7. bekkur — miðönn 2024—2025

| Tímabil | Helstu hæfniviðmið | Verkefni og viðfang | Námsefni | Hæfnimat og uppbrot |
|---|---|---|---|---|
| Nóvember | Eru að: Efla lesfimi og njóta lesturs<br>Þjálfa áfram orðflokkagreiningu<br>Þekkja lýsingarorð, geta stigbreytt þau og sambeygt með nafnorði<br>Læra algengustu greinarmerki og geta beitt þeim.<br>Þjálfa frekar algengustu bókmenntahugtökin s.s aðalpersóna, aukapersóna , söguþráður/ atburðarás, sögusvið/umhverfi, ytri og innri tími og boðskapur<br>Geta rætt um sögu og dregið saman meginefni<br>Geta svarað spurningum úr lesnum texta<br>Áframhaldandi þjálfun framsagnar á bundnu og óbundnu máli.<br>Þjálfast í að greina hvenær er 1 n og hvenær 2 n í nafnorði með greini. | Lýsingarorð<br>Stigbreyting<br>Fallbeyging<br>Greinarmerki<br>Einfaldur samhljóði<br>Tvöfaldur samhljóði<br>Upprifjun no, so, lo.<br>Bókmenntahugtök<br>Yndislestur<br>Upplestur<br>Lesskilningur/ hlustunarskilningur<br>Stafsetningaræfingar | Sögubækur að vali nemenda<br>Verkefni á skólavefnum<br>Málið í Mark—vefur á mms<br>Orðspor 3—Lesbók og<br>vinnubók<br>Smellur 3<br>Efni frá kennara<br>Hópavinna<br>Paravinna<br>Einstaklingsvinna<br>Leikir | Könnun úr hæfniviðmiðum<br>7. nóvember—skipulagsdagur<br>8. nóvember—Annarleyfi |
| | | | | |

# Kennsluáætlun í íslensku 7. bekkur — miðönn 2024 2025

| Tímabil | Helstu hæfniviðmið | Verkefni og viðfang | Námsefni | Hæfnimat og uppbrot |
|---|---|---|---|---|
| Desember | Eru að: Efla lesfimi og njóta lesturs<br>Þjálfa áfram orðflokkagreiningu<br>Ná fimi í fallbeygingu nafnorða og hafa föllin fjögur á valdi sínu og hjálparorð þeirra<br>Geta greint no í samn. eða sérn. kyn, tölu, fall, m./án greinis, hlutstætt eða óhlutstætt<br>Geta breytt eintölu nafnorða í fleirtölu og öfugt<br>Kunna að fallbeygja lausa greinirinn í eintölu og fleirtölu<br>Geta bætt viðskeyttum greini í ýmsum föllum við nafnorð bæði í eintölu og fleirtölu<br>Geta notað lausan greinir í setningum og breytt yfir í viðskeyttan<br>Þekkja lýsingarorð- geta fallbeygt með nafnorði og greint þau í kyn, tölu, fall og stig.<br>Geta greint kyn, tölu og persónu sagnorða<br>Hafa helstu skammstafanir málfræðinnar á valdi sínu<br>Geta svarað spurningum úr lesnum texta<br>Þjálfa margs konar ritun<br>Þekkja reglurnar um stóran og lítinn staf og -ng og -nk regluna, Þjálfa hvenær er einfaldur og hvænær tvöfaldur samhljóði í orði. Þjálfa áfram hvenær er 1 n og hvenær 2 n í nafnorði með greini. | Lestur ýmissa bóka<br>Fallorð—nafnorð<br>Fallbeyging: nf. þf. þgf. ef.<br>Hjálparorðin: hér er, um, frá, til<br>Tala: et.ft.<br>Kyn: kk. kvk. hk<br>Greinir: hinn, hin, hið laus og viðskeyttur gr.<br>Skammstafanir—no. lo. so. et. ft. kk. kvk. hk. nt. þt. gr. m.gr. án. gr. nf. þf. þgf. ef. 1.2.3. p.<br>Bókmenntahugtök<br>Lesskilningur/ hlustunarskilningur<br>Frumsaminn texti ritaður —bekkjarblað<br>Stafsetningaræfingar | Sögubækur að vali nemenda<br>Verkefni á skólavefnum<br>Málið í Mark—vefur á mms<br>Orðspor 3—Lesbók og vinnubók<br>Smellur 3<br>Efni frá kennara<br>Hópavinna<br>Paravinna<br>Einstaklingsvinna<br>Leikir | Könnun í orðflokkagreiningu og stigbreytingu lýsingarorða með nafnorði og án nafnorðs<br>1. desember—fullveldisdagurinn<br>19. desember jólagleði<br>20. desember jólafrí |

# Kennsluáætlun í íslensku 7. bekkur — miðönn 2024 2025

| Tímabil | Helstu hæfniviðmið | Verkefni og viðfang | Námsefni | Hæfnimat og uppbrot |
|---|---|---|---|---|
| Janúar | Eru að: Efla lesfimi og njóta lesturs<br>Þjálfa áfram orðflokkagreiningu<br>Þekkja fallorð: nafnorð, lýsingarorð, fornöfn, töluorð<br>Þekkja sagnorð og geta fundið persónu þeirra, tölu, og tíð<br>Þjálfa áfram helstu skammstafanir málfræðinnar.<br>Auka orðaforða samheita og andheita<br>Kunna skil á algengustu bókmenntahugtökunum, eins og sögupersóna, aðalpersóna og aukapersóna, söguþráður/atburðarás, sögusvið/umhverfi, innri og ytri tími og boðskapur<br>Geta rætt sögu og dregið saman meginefni hennar<br>Geta svarað spurningum úr lesnum texta<br>Þjálfa framsögn, stoppa við punkta og kommur, líta upp og lesa með leikrænni tjáningu<br>Þjálfa margs konar ritun<br>Þjálfa lestur ljóða og finna rím—semja ferskeytlu<br>Þjálfa áfram reglur um stóran og lítinn staf, ng og nk regluna og einfaldan og tvöfaldan samhljóða í ritun, hvenær er 1 n og hvenær 2 n í nafnorði með greini. | Orðflokkagreining<br>Nafnorð, lýsingarorð, fornnöfn, töluorð, sagnorð<br>Skammstafanir<br>Andheiti/samheiti<br>Bókmenntahugtök<br>Framsögn;<br>Samlestur leikrits<br>Raddlestur ýmiss texta æfður<br>Frumsaminn texti ritaður—bekkjarblað<br>Ljóðalestur og frumsamin ljóð<br>Stafsetningaræfingar<br>Sóknarskrift | Sögubækur að vali nemenda<br>Verkefni á skólavefnum<br>Málið í Mark—vefur á mms<br>Orðspor 3—Lesbók og Vinnubók<br>Smellur 3<br>Efni frá kennara<br>Hópavinna<br>Paravinna<br>Einstaklingsvinna<br>Leikir | Lesfimipróf af mms.is<br>2. janúar—skipulagsdagur<br>3. janúar—nemendur mæta eftir jólafrí<br>6. febrúar skipulagsdagur<br>7. febrúar foreldradagur |
| | | | | |